

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 106
 sveitfesti þurfaþings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m. hafið þjer, herra amt- 19. okt.
 maður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi í Skaptafellssýslu,
 dags. 6. f. m., er áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettu 21. jan. þ. á., viðvíkjandi
 sveitfesti Einars nokkurs Sigurðssonar á Lambleiksstöðum, og jafnframt fylgdu nefndu
 brjefi yðar einnig önnur skjöl máls þessa, er þjer höfðuð haft fyrir yður, er þjer upp
 kváðuð úrskurðinn.

Með því að jeg nú verð að vera yður samdóma um, að það verðiað álitast sann-
 að með skjölum þeim, er fram eru komin í málinu, að ofan nefndur Einar Sigurðsson
 hafi krossmessuárið 1875–76 átt lögheimili á Sljettaleiti í Borgarhafnarhreppi, og að
 hann þannig eigi hafi verið búinn að ávinna sjer framfærslurjett í Mýrahreppi, eins og
 haldið hefir verið fram af áfrýjandanum með 10 ára dvöl þar, þegar hann árið 1885
 varð þar aðnjótandi sveitarstyrks, þá staðfestist hjer með ofan nefndur úrskurður yðar,
 sem ákveður, að Einar eigi framfæri á fæðingarhrepp hans Borgarhafnarhreppi, og eruð
 þjer beðinn að tilkynna hlutadeigendum málalok þessi.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um að aðstoða prest 107
 til að útvega sjer ábúðarjörð. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní þ. á. hafið þjer, 20. okt.
 herra sýslumaður sent hingað erindi prestsins í Fjallapingum sjera Hannesar L. Þor-
 steinssonar, þar sem hann fer þess á leit við prófastinn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi
 og sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að þeir samkvæmt konungsbrjefi 18. apríl 1761 út-
 vegi sjer ábúðarjörð. Hafið þjer í nefndu brjefi yðar gjört þá fyrirspurn, hvort unnt
 muni vera. að verða við beiðni prestsins.

Eptir að jeg hef nú leitað álits stiptsyfirvaldanna um málið, skal yður hjer með
 tilkynnt, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að með því að ætla má, að hið
 tilvitnaða konungsbrjef enn sje í fullu gildi, ber yður ásamt hjeradsprófastinum og tveim-
 ur valiokunnum mönnum á þann hátt, sem ákveðið er í nefndu konungsbrjefi, að
 gjöra það sem í yðar valdi stendur til að útvega nefndum presti ábúðarjörð í sóknnum
 hans.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um breytingu á sóknaskipun í 2 presta- 108
 köllum. — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og tillögum 20. okt.
 yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 15. þ. m., vil jeg hjer með með skírskot-
 un til 4. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, fallast á, að bæirnir Lún-
 ansholt og Holtsmúli, sem nú eru í Marteinstungusókn, og bæirnir Tjörfastaðir og Bjalli,
 sem nú eru í Árbæjarsókn, eigi framvegis kirkju að Skarði, og greiði þangað öll lög-
 boðin kirkjugjöld; þó skal Árbæjarkirkja halda þeim hluta óskertum af sjóði Stóruvalla-
 kirkju, er henni bar samkvæmt landshöfðingjabrjefi 11. maí 1886.

Þetta tilkynni jeg yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og
 frekari ráðstöfunar.